

Miðvikudagur, 16. júní 2004

221. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 20/2004

Endurupptaka kvörtunar Eðalvara ehf. yfir auglýsingablaði Heilsuverslunar Íslands ehf. vegna úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 11/2003

I.

Málavextir

1.

Með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. [11/2003](#), dags. 8. september 2003, var áfrýjunarmáli nr. [13/2001](#) vísað til Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs til meðferðar og ákvörðunar að nýju.

Í niðurstöðu áfrýjunarnefndar segir:

„Kröfugerð áfrýjanda í ódagsettu bréfi hans, er áritað var um móttöku 21. maí 2003 ber að skilja svo, að hann fari þess á leit að áfrýjunarmál nr. 13/2001, er úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá 15. júní 2001 lýtur að, verði tekið til meðferðar á ný.

Í ljós er leitt, að eftir að sá úrskurður var kveðinn upp gekk dómur í héraði, 13. júní 2002, í meiðyrðamáli, þar sem reyndi með sérstökum hætti á hina helstu þætti, sem til skoðunar voru í fyrrnefndu samkeppnismáli. Þeim dómi var síðan áfrýjað til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm í því 10. apríl 2003. Við meðferð dómsmálsins komu m.a. fram upplýsingar, sem ekki lágu fyrir með sambærilegum hætti þegar málið var til meðferðar hjá samkeppnisyfirkvöldum, sbr. einkum vitnaleiðslu fyrir dómi yfir höfundu umræddrar greinar, Dr. Luc Delmulle, þar sem hann skýrir m.a. nefnda grein sína og hvað að baki henni liggur. Með vísan til þessa eru, að svo búnu máli, það mikil líkindi til þess að ákvarðanir samkeppnisyfirkvöldu í máli þessu hafi byggst á ófullnægjandi upplýsingum, að rétt þykir að málið verði endurupptekið á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Er í því sambandi óhjákvæmilegt að farið verði yfir fyrirliggjandi gögn málsins og viðbótargagna aflað úr dómsskjölum eftir því sem þörf krefur. Af þeirri ástæðu er óhjákvæmilegt að vísa máli þessu til Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs til frekari gagnaöflunar, meðferðar og ákvörðunar að nýju.“

2.

Með bréfum, dags. 10. desember 2003, bauð Samkeppnisstofnun málsaðilum að koma að frekari gögnum en aðilar kusu að tjá sig ekki frekar um málsatvik.

Bréfaskipti áttu sér jafnframt stað á milli Samkeppnisstofnunar og málsaðila, þann 16., 18. og 19. desember 2003, 28. janúar, 9. febrúar og 18. mars 2004.

3.

Á fundi auglýsinganefndar, ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, þann 24. maí 2004 var mál þetta tekið til afgreiðslu. Fund nefndarinnar sátu Atli Freyr Guðmundsson, Sólveig Ólafsdóttir og Þuríður Jónsdóttir. Niðurstaða auglýsinganefndar var eftirfarandi:

„Með vísan til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 11/2003 hefur auglýsinganefnd tekið kvörtun Eðalvara ehf. yfir auglýsingablaði Heilsuverzlunar Íslands ehf. til afgreiðslu að nýju.

Í fyrrnefndum úrskurði áfrýjunarnefndar kemur fram að við meðferð meiðyrðamáls fyrir dómstólum vegna auglýsingablaðsins hafi komið fram upplýsingar sem ekki lágu fyrir þegar málið var til meðferðar hjá samkeppnisyfirvöldum.

Auglýsinganefnd hefur yfirfarið gögn málsins og telur að á grundvelli þeirra nýju upplýsinga sem fram komu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í máli nr. 4198/2001 að Heilsuverzlun Íslands ehf. hafi með birtingu viðtals við Dr. Luc Delmulle brotið í bága við ákvæði 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.“

Samkeppnisstofnun tilkynnti málsaðilum niðurstöðu auglýsinganefndar með bréfum dagsettum 28. maí 2004. Jafnframt var tilkynnt að málið yrði lagt fyrir samkeppnisráð til ákvörðunar.

II.

Niðurstaða

Á fundi samkeppnisráðs, þann 16. júní 2004, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

Eins og fram kom hér að framan fól áfrýjunarnefnd samkeppnismála Samkeppnisstofnun og samkeppnisráði mál þetta til frekari meðferðar og gagnaöflunar eftir að nýjar upplýsingar komu fram við meðferð meiðyrðamáls fyrir dómstólum. Einkum var þar vísað til vitnaleiðslu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur yfir

Dr. Luc Delmulle, en við hann var birt viðtal í umræddu auglýsingablaði Heilsuverslunar Íslands ehf. um ginseng og mismunandi ræktunaraðferðir í Kóreu og Kína.

Í dómi Hæstaréttar nr. 426/2002, *Korea Ginseng Corporation gegn Heilsuverslun Íslands ehf. og Ólafi Erni Karlssyni*, segir m.a. um viðtalið við Dr. Luc Delmulle í auglýsingablaði Heilsuverslunarinnar:

„Í gögnum málsins eru mjög takmarkaðar upplýsingar varðandi sannleiksgildi þeirra ummæla um samanburð á ræktun ginsengs í Kóreu og Kína, sem aðilar þess deila um. Þó er ótvírætt að á grundvelli þeirra er unnt að slá því föstu að ýmsar staðhæfingar í greininni um þetta efni séu rangar. Fyrrgreint viðtal var samanburðarauglýsing og fól í sér óréttmæta árás á framleiðsluvörur þeirra, sem stóðu í samkeppni við stefnda Heilsuverslun Íslands ehf. um sölu ginsengs á íslenskum markaði. Var með birtingu viðtalsins brotið í bága við ákvæði 20. gr., 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. 11. gr. laga nr 107/2000.“

Í álitum auglýsinganefndar í máli þessu kemur fram að á grundvelli þeirra nýju upplýsinga sem fram hafi komið fyrir Héraðsdómi og ekki lágu fyrir þegar málið var til meðferðar hjá samkeppnisyfirvöldum á árinu 2001 sé ljóst að Heilsuverslun Íslands hafi með birtingu viðtals við Dr. Luc Delmulle brotið í bága við ákvæði 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð er sammála niðurstöðu auglýsinganefndar og telur jafnframt að Heilsuverslun Íslands hafi brotið gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga um góða viðskiptahætti.

III.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð telur að Heilsuverslun Íslands ehf., Lynghálslí 13, Reykjavík, hafi með birtingu viðtals við Dr. Luc Delmulle brotið í bága við ákvæði 20. gr., 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Með vísan til 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga er Heilsuverslun Íslands ehf. bannað að setja fram rangar fullyrðingar um vöru keppinauta í markaðsstarfsemi sinni.“